

Miðvikudaginn 27. maí 1964.

Nr. 139/1963. **Samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs (Kristinn Gunnarsson hrl.)**

gegn

Ísleifi Gissurarsyni og gagnsök

(Sigurður Baldursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason
og Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., krefjast sýknu og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 24. október 1963, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða honum kr. 231.886.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar litið er til atvika að slysi því, sem mál þetta er af risið og rækilega er lýst í héraðsdómi, þykir gagnáfrýjandi eiga að bera tjón sitt að $\frac{1}{3}$ hluta sjálfur, en aðaláfrýjendur bæta það að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Árna læknis Björnssonar, dags. 21. maí 1964, þar sem örorka gagnáfrýjanda telst ekki hafa breytzt, frá því orka hans var metin 29. júní 1961. Þá hefur og verið lögð fram áætlun Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 9. maí 1964, um atvinnutjón gagnáfrýjanda, þar sem miðað er við 7% ársvexti og litið til kauphækkana, eftir að fyrri áætlun var gerð. Eftir hinni nýju áætlun nemur tjón gagnáfrýjanda kr. 204.841.00, þegar frá hefur verið dregin greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, er í héraðsdómi getur. Með hliðsjón

af því, sem nú var rakið, og skirskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti, þykir mega staðfesta mat hans á kröfufliðum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjendum dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 108.030.00 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ísleifi Gissurarsyni, kr. 108.030.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Sér a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Magnúsar P. Torfasonar prófessors.

Gagnáfrýjandi er lærður járnsmiður. Seint á árinu 1957 réðst hann á vélaverkstæði áhaldahúss Vegagerðar ríkisins til járnsmíði, en tók, er frá leið, að vinna einnig að viðgerðum bifreiða og véla. Frá 1. janúar 1960 gerðist hann nemi í bifvélavirkjun á verkstæðinu. Í janúar 1961 var til viðgerðar á bifvélaverkstæðinu ljósavél, sem var eign Vegagerðar ríkisins. Var vélin tekin sundur og sett saman aftur. Hinn 18. janúar 1961 var gagnáfrýjandi og Magni Guðmundsson bifvélavirki að ljúka við viðgerð á ljósavélinni. Voru þeir að reyna að finna orsakir lítills háttar gangtruflunar. Var gagnáfrýjandi að stilla „magnetuna“, en Magni að stilla blöndunginn. Var vélin í gangi, meðan þeir höfðust þetta að. Hugðist gagnáfrýjandi festa fremri skrúfboltann, er heldur „magnetunni“ fastri. Var skrúfbolti þessi mjög nærri víftu ljósavélarinnar, og var mjög þröngt og erfitt að komast að skrúfboltanum. Lykill, sem gagnáfrýjandi herti á boltanum með, hrökk nú skyndilega af honum með þeim afleiðingum, að vinstri hönd gagn-

áfrýjanda lenti í spaða viftunnar, sem snarsnerist, og þrír fingur handarinnar sködduðust.

Við mat á ábyrgð á slysi því, sem gagnáfrýjandi varð fyrir, ber að líta á tvennt: Verkstjórinn við viðgerð vélarinnar átti að gæta þess, að öryggishlíf sú, sem virðist hafa verið um viftu ljósavélarinnar fyrir viðgerðina, væri sett á, áður en tekið væri að vinna við vélinu í gangi. Hins vegar mátti gagnáfrýjanda, sem fengið hafði reynslu í viðgerð véla, vera ljóst, að festing skrúfboltans inni í þrengslunum alveg við viftuspaðann á fleygiferð var stórkostleg háskaathöfn. Að öllum aðstæðum athuguðum, er rétt að leggja ábyrgð á slysinu að hálfu á gagnáfrýjanda sjálfan og að hálfu á starfsdrottin hans. Ber aðaláfrýjendum því að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Fallast má á mat og reikning meiri hluta dómenda á tjóni gagnáfrýjanda. Nemur það samkvæmt því kr. 162.045.00. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 81.023.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ísleifi Gissurarsoni, kr. 81.023.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur Ísleifur Gissurarson, Bugðulæk 13, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 29. nóvember 1961, gegn samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 186.915.00, með 8% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á dómkröfum stefnanda, að krafizt var, að stefndu verði gert að greiða

í skaðabætur kr. 206.945.00 auk vaxta og málskostnaðar sem fyrr. Af hálfu stefndu var samþykkt, að þessi breyting verði gerð á dómkröfunum án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda verði lækkuð verulega.

Málavextir eru þeir, að er stefnandi var að vinna við að stilla magnetu í ljósavél í áhaldahúsi Vegagerðar ríkisins hér í borg hinn 18. janúar 1961, þar sem hann var starfsmaður, varð hann fyrir því slysi, að vinstri hönd hans hrökk í viftu vélarinnar, sem var í gangi, og sködduðust við það fjórir fingur handarinnar. Er umræddur atburður varð, var stefnandi nemandi í bifvélavirkjun. Ekki munu fyrirsvarsmenn Vegagerðar ríkisins hafa tilkynnt slys þetta Öryggiseftirliti ríkisins, en að frumkvæði lögmanns stefnanda fór fram lögreglurannsókn út af slysinu. Í því sambandi gáfu stefnandi og samstarfsmaður hans, Magni Ebenezer Guðmundsson, skýrslu fyrir rannsóknar-lögreglunni hér í borg hinn 27. marz 1961.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er umræddur atburður varð, hafi hann ásamt Magna Guðmundssyni bifvélavirkja verið að ljúka við viðgerð á ljósavél í eigu Vegagerðar ríkisins. Kveðst stefnandi hafa verið að stilla magnetu vélarinnar. Hann kveður umrædda ljósavél vera af gerðinni Continental og vera á stærð við vél í jeppabíreið. Vélina kveður hann vera með svonefndri magnetkveikju, sem sé fremst á hægri hlið vélarinnar. Þegar stilla eigi kveikjuna, verði að setja vélina í gang og hafa hana í gangi, á meðan unnið sé við að fá samræmi í gang vélarinnar. Kveður stefnandi stillinguna fara fram með þeim hætti, að eftir að magnetunni hafi verið komið fyrir á sínum stað og hún fest að nokkru leyti, þá sé henni snúið til, jafnframt því sem hlustað sé eftir gangi vélarinnar, þar til heyrir, að hann sé orðinn eðlilegur. Þá sé magnetan fest með tveimur boltum, öðrum framan á henni en hinum aftan á henni. Stefnandi kveður það hafa verið, er hann var að festa fremri boltann með svonefndum stjörnulykli, að lykillinn skrapp af boltanum, en það varð til þess, að vinstri höndin, sem hann hélt lyklinum með, hrökk í viftuspaða vélarinnar. Stefnandi kveðst ekki vera örvhentur, þótt hann hafi notað vinstri höndina til að herða boltann. Það hafi einungis staðið svo á, að auðveldara hafi verið að nota vinstri höndina við þetta, enda sé hægri hönd-

in, sem hélt um magnetuna, næmari fyrir stillingar. Ekki kveðst stefnandi geta lýst nánar, hvernig slys þetta hafi orðið. Ekki kveður hann sér vitanlega neitt athugavert hafa verið við lykil þann, sem hann hafi notað. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að stjörnulykill sá, sem hann hafi notað, hafi verið opinn í annan endann, og hafi hann notað opna endann til að skrúfa boltann, en haldið um hinn endann. Stefnandi kveður sér ekki hafa verið kunnugt um neinn leiðarvísi, er sýndi framkvæmd verks þess, er hann vann við. Ekki kveður hann sig minnst þess, að sér hafi verið sýnd ákveðin handtök við framkvæmd verksins. Stefnandi kveður þetta hafa verið í fyrsta sinn, sem hann hafi unnið við slíka vél, sem hér um ræðir.

Vitnið Magni Ebenezer Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að vinna með stefnanda, er umrætt slys varð, og hafi þeir báðir verið að vinna við að stilla umrædda ljósavél. Hann kveður þá hafa verið að ljúka við viðgerð vélarinnar og verið að reyna að finna orsakir fyrir lítils háttar gangtruflun. Hafi stefnandi verið að vinna við að stilla magnetuna, en sjálfur kveðst Magni hafa verið að stilla blöndunginn. Vitnið kveðst hafa verið statt alveg hjá stefnanda, er slysið varð, en það kveðst ekki hafa séð, hvernig það atvikaðist, og því ekki geta sagt um það. Hins vegar kveðst vitnið hafa vitað, að stefnandi lenti með höndina í viftu vélarinnar, því verksummerkin hafi verið augljós, bæði á hendi stefnanda svo og á viftunni, því hún hafi beyglazt við þetta. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvaða lykil stefnandi hafi notað við verkið. Ekki kveðst það hafa vitað til, að neinn lélegur stjörnulykill væri notaður við verkið. Vitnið kveður stefnanda ekki hafa aðstoðað við að taka vélina í sundur. Hann hafi fyrst komið að verkinu, er byrjað var að setja vélina saman. Vitnið kveður sér ekki kunnugt um, hvort stefnandi hafi fyrir slysið unnið við sams konar vélar og hér um ræðir.

Er umrætt slys varð, kveðst vitnið hafa unnið sem sveinn í bifvélavirkjun hjá Vegagerð ríkisins. Ekki kveður hann sér hafa verið falið sérstaklega að leiðbeina stefnanda, en hins vegar kveður vitnið það koma fyrir, að hann hafi sagt nemum til, ef hann hafi séð ástæðu til þess. Vitnið hefur neitað því að hafa sagt Kristjáni Guðmundssyni yfirverkstjóra, að stefnandi hefði hjálpað því við að taka vélina í sundur. Vitnið kveðst ekki muna eftir leiðarvísi með umræddri ljósavél, er sýnt hafi framkvæmd verks þess, sem þeir unnu við. Ekki hefur

vitnið treyst sér til að fullyrða, hvort það hafi sýnt stefnanda ákveðin handtök við verk það, sem stefnandi vann við, eða ekki.

Valdimar Leonhardsson, yfirverkstjóri véladeildar áhaldahúss Vegagerðar ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að undir stjórn þess séu tveir undirverkstjórar hjá véladeildinni. Auk þess hafi Magni Guðmundsson verið nokkurs konar forystumaður á verkstæðinu, þótt hann hafi ekki verið formlegur verkstjóri. Hann kveður Magna vera útlærðan bifvélavirkja, og hafi hann átt að leiðbeina stefnanda, enda veljist nemar í bifvélavirkjun til Magna. Valdimar kveður stefnanda í upphafi hafa verið ráðinn sem járnsmið til áhaldahússins, þar til námssamningur hans við bifvélavirkjun hafi verið gerður, en hins vegar sé það svo, að þar sem öll verk fyrir sama aðilja séu unnin á einum stað, þá grípi menn iðulega inn í verk, sem ekki séu í þeirra fagi. Valdimar kveður stefnanda sjálfan hafa farið fram á, að gerður yrði við hann námssamningur í bifvélavirkjun. Kveðst Valdimar vera meistari stefnanda. Valdimar kveður það vera ýmist, að hlífar séu fyrir viftum á vélum sem þessari eða ekki.

Kristján Guðmundsson, yfirverkstjóri við áhaldahús Vegagerðar ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi seint á árinu 1957 verið ráðinn á vélaverkstæðið, og hafi hann þá verið útlærður járnsmiður. Hann kveður það hafa verið umtalað við ráðninguna, að stefnandi ynni sérstaklega við suðu, en hann hafi jafnframt unnið við bifreiða- og vélaviðgerðir, og er frá leið meira við þau störf að eigin ósk. Við alla vinnu þessa hafi stefnandi fengið full laun lærs iðnaðarmanns. Í lok ársins 1959 kveður Kristján stefnanda hafa óskað eftir að gerast nemi í bifvélavirkjun. Hann kveður Vegagerð ríkisins ekki hafa haft hag af þessu, en hins vegar hafi verið litið svo á, að stefnanda væri með þessu greiði gerður, og á þetta hafi verið fallið. Hinn 1. janúar 1960 hafi svo sérstakur námssamningur verið gerður við stefnanda. Námstíminn hafi verið stytur í tvö ár samkvæmt venju um nám iðnaðarmanns í skyldri iðngrein. Skyldi stefnandi kosta nám sitt í iðnskóla sjálfur, en taka hæsta kaup vélamanns eftir gjaldskrá Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þ. e. taka sama kaup og áður. Skyldi stefnandi njóta starfstíma síns í iðninni og talinn fullgildur starfsmaður, en Vegagerð ríkisins ekki hafa útlát vegna námsins utan verkstæðisins. Kristján telur frumorsök slyssins þá, að nethlífin hafi ekki verið sett fyrir viftuspaðann aftur, eins og átt hafi að gera.

Þá telur Kristján slysið einnig hafa orsakast af því, að stefnandi hafi unnið með hendurnar í kross yfir rafkveikjunni. Loks telur Kristján það eina af orsökum slyssins, að stefnandi hafi notað rangan lykil við verkið. Hann hafi notað stjórnulykil í stað opins lykils. Kristján kveður Magna hafa sagt sér, að hann, þ. e. Magni, og stefnandi hefðu hjálpað að við að taka í sundur vél þá, er slysið varð við.

Strax eftir að þeir stefnandi og Magni Ebenezer Guðmundsson höfðu gefið skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglunni, eins og áður segir, fór Ingólfur Þorsteinsson yfirvarðstjóri á vettvang og skoðaði umrædda ljósavél. Við þá athugun kveður Ingólfur hafa komið í ljós, að skrúfbolti sá, sem stefnandi telur sig hafa verið að skrúfa, þegar slysið varð, hafi verið óslitinn og gallalaus, að því er bezt varð séð. Hins vegar kveður Ingólfur það hafa komið í ljós, að nú var komin vönduð hlíf fyrir umrædda viftu. Kveðst Ingólfur telja hlíf þessa, þegar hún er á sínum stað, fullkomið öryggi fyrir því, að slys í nokkurri líkingu við það, sem hér um ræðir, geti orðið. Ingólfur kveður Magna hafa staðfest það þarna á staðnum, að hlíf þessa hafi þeir vinnufélagarnir, þ. e. Magni og stefnandi, ekki verið búnir að setja á sinn stað, þegar slysið varð, og hafi viftan því verið óvarin. Ingólfur kveður umræddan skrúfbolta vera mjög nálægt viftunni, og því hafi stafað nokkur hættu af því að festa skrúfboltann án þess að setja hlífina fyrir viftuna. Ingólfur kveður hvorki Magna né stefnanda hafa minnst á umrædda hlíf, er þeir gáfu skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglunni.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Vilbergs Helgasonar öryggiseftirlitsmanns. Í vottorði þessu segir Vilberg eftir að hafa athugað stillibolta rafsegulkveikju í rafstöðvarsamstæðu, þar sem hún stóð á verkstæði Vegagerðar ríkisns, að staðsetning boltans sé þannig, að útilokað sé, að komið verði við stjórnu-lykli. Hins vegar verði auðveldlega komið við opnum fastalykli.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að orsök slyssins hafi fyrst og fremst verið sú, að hlíf sú, sem vera átti fyrir viftu vélarinnar, hafi ekki verið sett á sinn stað, áður en farið var að stilla gang vélarinnar, enda hefði slysið ekki orðið, ef það hefði verið gert. Óforsvaranlegt hafi því verið að láta hefja vinnu við það verk, áður en hlífin hafi verið sett á sinn stað. Er því haldið fram, að hér hafi verið um að ræða skort á öryggisútbúnaði, og beri stefndu því ábyrgð á tjóni stefnanda eftir reglum um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni starfsmanna

sinna, enda lúti Vegagerð ríkisins stjórn Samgöngumálaráðuneytisins og sé kostnaður við starfsemi hennar greiddur úr ríkissjóði. Er á það bent í þessu sambandi, að stefnandi hafi verið nemi í bifvélavirkjun, er slysið varð, og hafi unnið undir stjórn læræðs bifvélavirkja, sem átt hefði að sjá um, að umrædd hlíf væri sett á sinn stað, áður en verkið væri hafið. Í þessu sambandi er því eindregið mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi vitað um hlífina. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að umræddum bifvélavirkja hafi borið að leiðbeina stefnanda, ef aðferð hans við framkvæmd verksins var röng. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi hagað sér ógætilega við framkvæmd verksins og að hann eigi að bera nokkra sök á slysinu.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um, að hlíf skyldi vera um viftu vélarinnar og að hann hefði sjálfur átt að gæta þess að setja hlífina á sinn stað, enda hefði það skapað fullt öryggi við framkvæmd verksins án þess að torvelda það. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi beitt hættulegum vinnubrögðum við verkið með því að vinna með hendurnar í kross, þ. e. með vinstri höndina nær viftunni, og auk þess hafi hann notað rangan lykil við verkið. Þá er sýknukrafa stefndu studd þeim rökum, að stefnandi hafi, er slysið varð, verið vanur iðnaðarmaður, vanur vélum, m. a. bifvélum, og talinn jafnoki þeirra, sem lokið höfðu námi í bifvélavirkjun, og hafi því ekki borið nauðsyn til að leiðbeina honum við framkvæmd verksins, sem verið hafi liður í daglegum og venjulegum störfum. Er á það bent af hálfu stefndu, að námstími stefnanda við bifvélavirkjun hafi verið stytur með tilliti til fyrra iðnnáms og reynslu.

Að því er varðar varakröfu stefndu, þá er því haldið fram, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi, að hann verði sjálfur að bera verulegan hluta tjóns síns.

Dómurinn hefur skoðað umrædda ljósavél.

Ekki er fram komið, að fyrirsvarsmenn áhaldahúss Vega-gerðar ríkisins hafi hlutast til um, að slys þetta væri tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins, svo sem þeim þó bar samkvæmt ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þykir því verða að leggja á stefndu sönnunarbyrði um þau vafaatriði, sem ætla má, að slík rannsókn, sem framkvæmd hefði verið þegar í stað, hefði varpað ljósi á.

Í greinargerð stefndu er að því vikið, að leiðarvísir hafi fylgt

umræddri vél, er sýnt hafi framkvæmd verks þess, er hér um ræðir. Undir rekstri málsins var því lýst yfir af hálfu stefndu, að leiðarvísir þessi finnist nú ekki, en jafnframt er því haldið fram af þeirra hálfu, að leiðarvísir þessi hafi verið til, er umræddur atburður varð.

Það er fram komið, að umræddri ljósavél fylgir öryggishlíf, sem umlykur viftuspaða vélarinnar. Var hlíf þessi á sínum stað, er dómurinn skoðaði vélina. Hlíf þessi hafði ekki verið sett á sinn stað, er stefnandi vann verk það, sem að framan er lýst og hann slasaðist við. Hlíf þessi var síðar sett á sinn stað, eins og fram er komið. Þeim starfsmanni Vegagerðar ríkisins, sem stjórnað hafði samsetningu vélarinnar, bar að sjá um, að öryggishlíf þessi væri sett á sinn stað, áður en vélin væri sett í gang að nýju. Verður að telja, að hér hafi verið um að ræða skort á öryggisútbúnaði við verk það, sem stefnandi framkvæmdi, og að hann hafi verið meginorsök slyss stefnanda. Það verður í þessu sambandi að telja ósannað, eftir því sem rakið hefur verið, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita um umrædda öryggishlíf utan um viftuspaðann. Þá er og á það að líta, að stefnandi vann að stillingu ljósavélarinnar í samvinnu við bifvélavirkja. Það er viðurkennt, að stefnandi hafi verið starfsmaður Vegagerðar ríkisins, er slysið varð, og að hún lúti stjórn Samgöngumálaráðuneytisins og að kostnaður við hana sé greiddur úr ríkissjóði. Verða stefndu því að verulegu leyti að bæta stefnanda tjón hans, sem orðið hefur af vangæzlu aðilja, er þeir bera ábyrgð á.

Það er ósannað, að stefnanda hafi verið leiðbeint sérstaklega um framkvæmd verks þess, sem hann vann, er slysið varð, en þó kemur fram, að stefnanda var ljóst, í hverju verkið var fólgid. Er stefnandi framkvæmdi verk þetta, þurfti hann að vera með vinstri höndina mjög nærri viftuspaðanum. Stefnandi var á þessum tíma lærður iðnaðarmaður, járnsmiður, og hafði auk þess að baki sér eins árs nám af tveggja ára námstíma sem bifvélavirki. Mátti hann því gera sér ljóst, að hann þyrfti að framkvæma verkið af mikilli aðgæzlu og nákvæmni og gæta þess sérstaklega, að lykillinn skryppi ekki af boltanum. Það er að vísu ósannað, að stefnandi hafi notað rangan lykil við framkvæmd verksins og að hann hafi unnið með hendurnar í kross, en þegar virt er lýsing hans á framkvæmd verksins, þá verður þó að telja, að hann hafi ekki sýnt þá aðgæzlu, sem við mátti búast af honum. Þykir hann því verða að bera tjón sitt að

nokkru leyti sjálfur. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda að $\frac{1}{4}$ hlutum, en stefnandi verði sjálfur að bera $\frac{1}{4}$ hluta tjónsins.

Stefnandi hefur sundurliðað fjárhæð hinnar endanlegu dómkröfu sinnar þannig:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi ..	kr. 179.900.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og annað ófjárhagslegt tjón	— 25.000.00
3. Læknisvottorð	— 250.00
4. Örorkumat	— 700.00
5. Útreikningur örorku	— 1.000.00
6. Annar útlagður kostnaður	— 95.00

Kr. 206.945.00

Verða nú einstakir liðir dómkröfunnar athugaðir og afstaða tekin til þeirra.

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur á Slysavarðstofu Reykjavíkur, en þaðan beint í handlækningadeild Landspítalans, þar sem hann dvaldist til 21. janúar 1961. Í vottorði Árna Björnssonar læknis, dags. hinn 30. maí 1961, en Árni stundaði stefnanda, eftir að hann kom heim af Landspítalanum, segir svo:

„Vottorð fyrir Ísleif Gissurarson, f. 22.8. 1928, til heimilis að Bugðulæk 13, Reykjavík, sem lagður var inn á handlækningadeild Landspítalans 18.1. '61 vegna áverka á vinstri hendi, er hann hafði að sögn hlotið við vinnu við ljósavél.

Við komu er ástandi lýst þannig: Mjög miklir áverkar eru á vinstri hendi. Stórt sár ofan og utan á þumalfingri, og er nærlæga þumalfingurskjúkan þverbrotin um miðju og fremri hluti brotsins klofinn eftir endilöngu og opið inn í liðinn. Allstórt sár er innanvert á vísifingri og miðköggull brotinn um miðju, og loks er klofið upp í fremsta köggul löngutangar.

Gert var að sárunum og brotin sett. Sárin voru allengi að gróa, en sjúkl. útskrifaðist af spítalanum 21.1. '61.

Ástand er nú þannig, að brotin eru gróin og sömuleiðis sárin. Fremri liður þumalfingurs er stífur í 15° horni, og mun verða það. Vísifingurliðir eru mjög stírðir, og stafar sá stírðleiki af örherzli ofan á fingrinum, sem hindrar það, að sjúkl. geti rétt úr honum. Vísifingur er enn fremur rýr. Ekki er hægt að segja,

að svo stöddu, hvort nokkrar breytingar muni verða á þessu, en ekki eru miklar líkur til, að frekari skurðaðgerðir geti hjálpað. Loks er ör fremst á löngutöng, sem veldur nokkrum óþægindum, en truflar þó ekki hreyfingar fingursins.

Slasaði hefur ekki unnið neitt fram að þessu, og því er erfitt að segja um, hversu mikið afleiðingarnar af slysinu muni бага hann við vinnu, en búast má við, að það verði talsvert.“

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans vegna slyssins. Í matsgerð læknisins, sem dagsett er hinn 30. júní 1961, segir m. a. svo:

„Hinn 29. júní 1961 mætti slasaði hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðunar vegna slyssins 18. jan. 1961 og afleiðinga þess.

Frásögn hans um nánari atvik að slysinu er í samræmi við það, sem áður segir um það efni í þessari greinargerð, og vístast til þess.

Ísleifur kveðst þegar eftir slysið hafa verið fluttur í Slysavardstofu Reykjavíkur, en þaðan beint í handlækningadeild Landspítalans, og þar hafi hann dvalizt til 21. jan. 1961, en farið þá heim til sín. Hann segist ekkert hafa unnið, sem heitið geti, fram að mánaðamótum maí—júní 1961. Í byrjun júní 1961 kveðst hann hafa hafið vinnu á sama stað og hann vann, áður en hann slasaðist.

Hinn 29. júní 1961.

Skoðun. Ísleifur er frekar hár vexti, hraustlegur útlits, en nokkuð grannholda. Hann kemur mjög vel fram og svarar öllum spurningum ljóst og skilmerkilega.

Almenn skoðun: Hlustun á lungum leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Hlustun á hjarta. Það reyndist starfa reglulega = púls 74. Hjartatónar hreinir. Blóðþrýstingur 120/60.

Helztu kvartanir Ísleifs eru stirðleiki og dofi í þumalfingri, vísifingri og löngutöng vinstri handar. Auk þess tilfinningarleysi og kulsækni. Ísleifur er réttthentur.

Vinstri hönd. Skoðun.

Þumalfingur: Millikjúknaliðurinn er staurliður í 15° beygju. Liðurinn milli efri kjúku og I. miðhandarbeins er mjög stirður. Á fingrinum er vel gróið ör, sem nær frá nögl og upp yfir miðja miðkjúku. Nöglin er margtætt og klofin. Snerti- og sársaukaskyn á góm og lófamegin upp undir millikjúknaliðinn er minnkað.

Vísifingur: Á honum er bogadregið ör, sem nær upp í II. mið-

handarbein. Það er 5 cm langt. Ytri millikjúknaliðurinn er staurliður að mestu í ca 35° beygju. Efri millikjúknaliður má heita staurliður í fullri réttingu. Snerti- og sársaukaskyn er minnkað á fingrinum, einkum gómnum. Mjög er dregið úr fingrinum, sérstaklega yzt.

Langtöng: Ytri millikjúknaliðurinn er staurliður í ca. 25° beygju. Snerti- og sársaukaskyn á gómnum er minnkað.

Ályktun: Ísleifur hefur við slysið 18. jan. 1961 hlotið alvarleg meiðsli á þumalfingri, vísifingri og löngutöng vinstri handar með þeim afleiðingum, að á þeim eru áberandi missmíði, sem einkum lýsa sér sem staurliðir og minnkað snerti- og sársaukaskyn, auk þess sem skekkjur og rýrnun er á kjúkum. Með því að enginn vafi getur leikið á því, að þessi missmíð, sem tvímælalaust verður að telja beinar afleiðingar slyssins 18. jan. 1961, hljóti að há slasaða við ýmis störf í framtíðinni, verður ekki hjá því komizt að áætla Ísleifi örorku, þar á meðal framtíðarörorku, vegna slyssins 18. jan. 1961 og afleiðinga þess.

Örorka, þar á meðal framtíðarörorka, vegna slyssins 18. jan. 1961 og afleiðinga þess þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/1 1961	100%
— 1/2 '61 til 31/3 '61	80%
— 1/4 '61 — 30/4 '61	60%
— 1/5 '61 — 31/5 '61	40%
— 1/6 '61 — 30/6 '61	20%
— 1/7 '61, framtíðarörorka:	15%."

Lögð hafa verið fram skattframtöl stefnanda fyrir árin 1959—1961, og samkvæmt þeim hafa vinnutekjur hans verið sem hér segir: Árið 1958 kr. 74.646.03, árið 1959 kr. 84.739.91 og árið 1960 kr. 69.634.76.

Hinn 15. ágúst 1961 var áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við framangreint örorkumat, reiknað af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Um útreikninginn og grundvöll hans segir tryggingafræðingurinn svo:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar, fyrrv. trygginga-
yfirlæknkis, dags. 30. júní 1961, varð Ísleifur Gissurarson, Bugðu-
læk 13, Reykjavík, fyrir slysi 18. janúar 1961. Telur læknirinn
Ísleif hafa orðið fyrir orkutapi af völdum slyssins og metur
það þannig:

Frá slysdegi til 31/1 1961	100%
— 1/2 '61 til 31/3 '61	80%
— 1/4 '61 — 30/4 '61	60%
— 1/5 '61 — 31/5 '61	40%
— 1/6 '61 — 30/6 '61	20%
og síðan til frambúðar	15%.

Ísleifur er sagður fæddur 22. ágúst 1928 og hefur samkvæmt því verið 32 ára að aldri, er hann slasaðist. Samkvæmt staðfestum afritum skattframtala fyrir starfsárin 1958—1960 hafa vinnutekjur hans þau ár verið sem hér segir:

Árið 1958	kr. 74.646.03
— 1959	— 84.739.91
— 1960	— 69.634.76

Ofangreindar vinnutekjur eru nær eingöngu laun frá Vegagerð ríkisins. Samkvæmt upplýsingum, er ég hef fengið hjá vegagerðinni, er Ísleifur útlærður járnsmiður, en stundar nú nám í bifvélavirkjun. Meðan á námstímanum stendur, fær hann kaup, sem er aðeins lítið eitt lægra en kaup fullgildra iðnaðarmanna og nemur nú kr. 28.32 á tímann í dagvinnu, enda virðast ofangreindar tekjur vera svipaðar því, sem algengt er meðal iðnaðarmanna. Samkvæmt upplýsingum yðar lýkur náms-tímanum 1. janúar 1962.

Vinnutekjur árána 1958—1960 hef ég umreiknað til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á dagvinnutaxta þeim, sem kaup Ísleifs miðast við. Auk þess hef ég gert ráð fyrir, að árstekjur hækki tvívegis í framtíðinni, þ. e. a) 1. janúar 1962, er námi lýkur, og í stað tímakaups, kr. 28.32, í dagvinnu kemur vikukaup, kr. 1.310.00, en við það áætla ég, að árstekjur hækki um 3.75%, og b) 1. júní 1962, er kaup á að hækka um 4% samkvæmt nógildandi kjarasamningum. Umreiknaðar meðalárstekjur reiknast mér þá vera sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961	kr. 75.720.00
Í júlí—desember 1961	— 84.259.00
- janúar—maí 1962	— 87.419.00
og eftir þann tíma	— 90.916.00

Á þeim grundvelli, er hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundinnar örorku frá slysdegi	
til 31/5 1961	kr. 19.566.00
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma	— 181.916.00
	<hr/>
	Samtals kr. 201.482.00

Hér hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins vegna slyssins, en samkvæmt upplýsingum yðar hafa þær numið samtals kr. 41.612.00 (þ. e. dagpen. 2/2—30/5 1961, kr. 10.856.00, og eingreiðsla örorkubóta, kr. 30.756.00). Séu þessar greiðslur dregnar frá verðmæti tapaðra vinnutekna, verður niðurstaða sem hér segir:

Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi	kr. 201.482.00
Frá dragast bótagreiðslur Tryggingastofn. ríkisins —	41.612.00
	<hr/>
	Mismunur kr. 159.870.00

Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1941—1950.“

Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á framangreindu örorkumati tryggingayfirlæknisins og útreikningi tryggingafræðingsins á verðmæti tapaðra vinnutekna.

Af hálfu stefndu hefur kröfum stefnanda verið mótmælt í heild sem of háum, en ekki hafa örorkumatið og útreikningur tryggingafræðingsins sætt sérstökum andmælum. Í þessu sambandi hefur verið á það bent af hálfu stefndu, að vafasamt sé, að stefnandi hafi orðið fyrir slíku tjóni, sem hér er haldið fram. Stefnandi hafi fengið greitt kaup fyrir tólf daga eftir slysið bæði fyrir dagvinnu og fasta eftirvinnu, alls kr. 3.301.56, og auk þess hafi hann fengið fullt kaup, þegar er hann hafi byrjað að vinna aftur hinn 18. maí 1961, en vinnu þessari hafi hann haldið áfram. Hann hafi síðan lokið námi sínu á tilteknum tíma og hafi frá lokum ársins 1961 fengið greitt kaup bifvéla-virkja með 10% álagi, en það muni vera hæsta kaup, sem tíðkist hjá sveinum í bifvéla-virkjun. Ekki sé útlit fyrir annað en stefnandi verði áfram við vinnu á vélaverkstæði Vegagerðar ríkisins og vinni þar fyrir óskertu kaupí í starfsgrein sinni. Þegar virt

er það, sem hér hefur verið rakið, svo og annað það, sem máli þykir skipta í þessu efni, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 140.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Af hálfu stefndu hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem of háum.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið um slysið og sjúkra-sögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3—6.

Af hálfu stefndu hafa liðir þessir ekki sætt sérstökum and-mælum, og þar sem þeir eru studdir framlögðum gögnum, þá verða þeir teknir til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda nema kr. 162.045.00 (140.000.00 + 20.000.00 + 700.00 + 1.000.00 + 95.00). Verður stefndu gert að greiða stefnanda $\frac{4}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 129.636.00 með vöxtum, er reiknast 7% frá 18. janúar 1961 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 13.400.00, þar með talinn kostnaður við akstur á vettvang, kr. 180.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Sigurgesti Guðjónssyni bifvéla-virkja.

Dómsorð:

Stefndu, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ísleifi Gissurarsyni, kr. 129.-636.00 með 7% ársvöxtum frá 18. janúar 1961 til greiðslu-dags og kr. 13.400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.